

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-tengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildi í skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitinga- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald sky. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 200.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 200.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 20. apríl 1967, til að taka gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 85 13. marz 1970 ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. marz 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um holræsagjöld á Akureyri.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta á Akureyri, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða til bæjarsjóðs Akureyrar árlega holræsagjald, 0.08% af fasteignamati húsa og lóða þeirra. Lágmark holræsagjalds skal þó vera 0.08% af fasteignamati lóðar að viðbættum lágmarks gjaldstuðli á hvern rúmmetra húss og tilsvarandi skal hámark holræsagjald vera 0.08% af fasteignamati lóðar að viðbættum hámarksgjaldstuðli á hvern rúmmetra húss.

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu vera þessir:

	Lágmarks- gjaldstuðill kr./m ³	Hámarks- gjaldstuðull kr./m ³
Vörugeymslur og annað ótilgreint húsnæði	1.6	2.0
Íbúðarhúsnæði og bílskúrar	2.0	2.4
Iðnaðarhúsnæði	2.4	2.8
Verzlunar-, skrifstofu- og annað sérstætt húsnæði	2.8	3.2

Gjaldstuðlar á hvern rúmmetra húss skulu breytast eftir verðlagi á sama hátt og fasteignamat.

Bæjarstjórn Akureyrar er heimilt að hækka holræsagjald og lágmark og hámark holræsagjalds um allt að 50% án þess að leita þurfi til þess samþykkis ráðuneytis.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðiljar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 66 14. nóvember 1917, um holræsagjöld á Akureyri og vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsagjöld á Akureyri nr. 39 frá 7. marz 1964.

Félagsmálaráðuneytið, 8. marz 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

14. marz 1972.

Nr. 60.

AUGLÝSING

um framboð og kjör forseta Íslands.

Kjör forseta Íslands skal fram fara sunnudaginn 25. júní 1972.

Framboðum til forsetakjörs skal skila í hendur dómismálaráðuneytinu, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælanda og vottorðum yfirkjörstjórna um, að þeir séu á kjörskrá, eigi síðar en fimm vikum fyrir kjördag.

Forsetaefni skal hafa meðmæli minnst 1500 kosningabærra manna, en mest 3000, er skiptist þannig eftir landsfjórðungum:

Úr **Sunnlendingafjórðungi** (V.-Skaftafellssýslu—Borgarfjarðarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 1060 meðmælendur, en mest 2120.

Úr **Vestfirðingafjórðungi** (Mýrasýslu—Strandasýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 125 meðmælendur, en mest 250.

Úr **Norðlendingafjórðungi** (V.-Húnavatnssýslu—S.-Þingeyjarsýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 220 meðmælendur, en mest 440.

Úr **Austfirðingafjórðungi** (N.-Þingeyjarsýslu—A.-Skaftafellssýslu, að báðum meðtöldum) séu minnst 95 meðmælendur, en mest 190.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt lögum nr. 36/1945, sbr. lög nr. 39/1963, um framboð og kjör forseta Íslands.

Forsætisráðuneytið, 14. marz 1972.

Ólafur Jóhannesson.

Guðmundur Benediktsson.